

# Viðauki

## Viðhorfskönnun

Landvernd vill greiða fyrir samstarfi hagsmunaaðila í ferðapjónustu um hvernig megi auka og bæta fræðslu til ferðamanna um umhverfismál og íslenska náttúru. Þessi könnun er liður í því samstarfi. – Vinsamlega forgangsraðið með því að skrifa 1- 5 inn í reitinn framan við hvert atriði. 5 er mikilvægast og 1 minnst mikilvægt.

1. Ef spár ganga eftir þá mun fjöldi erlendra ferðamanna rúmlega tvöfaldast hér á næstu 10 árum og 80% þeirra munu ferðast á eigin vegum, þ.e. ekki í hópferðum. Hvað finnst þér mikilvægast í undirbúningi fyrir slíka gestakomu?

- Aukið skipulag og stýring til að jafna álag á land og þjóð
- Byggja hótél og aðra gistinguþjónustu
- Byggja upp vegakerfið
- Meiri afþreyingu
- Vernda náttúruna
- Annað \_\_\_\_\_

2. U.þ.b. 80% erlendra ferðamanna segja að ísl. náttúra sé helsta ástæða heimsókna þeirra. Hvað í íslenskri náttúru telur þú að hafi mesta aðráttaraflíð?

- Auðn og víðerni
- Dýralíf og gróður
- Ímynd óspilltrar náttúru
- Jarðhiti og heit böð
- Jökklar, hraun og eldfjöll
- Annað \_\_\_\_\_

3. Hvernig mætum við betur þörfum erlendra og innlendra ferðamanna fyrir fræðslu um íslenska náttúru og umgengni við hana?

- Fleiri gestastofur og upplýsingamiðstöðvar
- Samstarf hagsmunaaðila um fjölbreytt fræðsluframboð
- Skipulagðar hópferðir um náttúruna
- Útgáfu prentaðs fræðsluefnis
- Öflugri vefsvæði
- Annað \_\_\_\_\_

4. Sumir telja að það geti búið viðskiptatækifæri fyrir íslenska ferðapjónustu í sameiginlegri móttöku (ÍslandsGátt) þar sem íslensk náttúra yrði í öndvegi. Hvað telur þú að þurfi að vera í slíkri gátt til að dæmið gangi upp?

- Leiðbeiningar um öryggismál og umgengni við landið.
- Reglulegir fyrirlestrar/kynningar um sögu, menningu og náttúru landsins
- Tilboð fyrir erlent háskólafolk
- Upplýsingamiðstöð og bókanir/sala í fræðslutengda ferðapjónustu
- Vandaðar sýningar um íslenska náttúru
- Annað \_\_\_\_\_

5. Vilt þú vera á póstlista og taka áfram þátt í samráði um verkefnið?

Netfang: \_\_\_\_\_

**Bestu þakkir!**

## Niðurstaða viðhorfskönnunar

Þátttakendum á ferðamálaráðstefnu Ferðamálaráðs, á umhverfisþingi umhverfisráðuneytisins og fólki á netfangalista Ferðamálaráðs var boðið að taka þátt. Alls bárust svör frá 72 þátttakendum.

1. Ef spár ganga eftir þá mun fjöldi erlendra ferðamanna rúmlega tvöfaldast hér á næstu 10 árum og 80% þeirra munu ferðast á eigin vegum, þ.e. ekki í hópferðum. Hvað finnst þér mikilvægast í undirbúningi fyrir slíka gestakomu?

**266** Aukið skipulag og stýring til að jafna álag á land og þjód

**157** Byggja hótél og aðra gistinguþjónustu

**199** Byggja upp vegakerfið

**147** Meiri afþreyingu

**259** Vernda náttúruna

### Annað:

- Með aukinni skipulagsvinnu og stýringu verndast náttúran sjálfkrafa, það er ef það er rétt gert.
- Markaðsetja jaðarsvæði eins og Vestfirðir, Ausfirðir, Húnaþing mun meira og draga úr markaðssetningu gullna hringsins, Mývatns og Reykjavík. Þetta eru svæði sem eru löngu komin á kortið en geta varla tekið við fleiri ferðamönnum. Til viðbótar á að leggja áhersla á að lengja ferðamannatímabilið og þróa vetrarferðamennska. Verkefnið "Seljum norðurljæos" er gott dæmi.
- Þetta er auðvitað allt mikilvægt og erfitt að gera upp á milli.
- Allt mjög mikilvægt og þarf að fara saman til þess að geta tekið á móti þessum fjölda.
- Huga að markaðssetningu fleiri svæða sem ferðamannasvæða til að dreifa fólki betur um landið. Nýsköpun utan hefðbundins ferðamanna tíma
- Hvetja íslensk börn og unglínga til að læra Kínversku til að geta tekið á móti fólki þaðan.
- Nú þegar er offramboð á bæði gistingu og afþreyingu og þarf því eingöngu að bæta fleiri ferðamönnum við hjá þeim svo þeir geti rekið sig sómasamlega
- hætta virkjunarframkvæmdir
- Fræðsla og jafnvel skylda fólk til að kaupa tryggingar áður en það æðir á eigin vegum upp á hálendi, týnist, verður úti eða skemmir náttúruna. Bara nú í haust hef ég "bjargað" 3 litlum hópum sem vissu ekkert hvað þau voru að gera - strönduð, föst í skafli eða snarvillt á hálendinu. Spyrjið td. Landsbjörgu um kostnað við leitir á erl. ferðamönnum.
- auknu skipulag og stýring til að jafna álag á land og þjód. Er ekki verið að vernda náttúruna með því?
- Betri merkingar á ensku í umhverfinu (verlanir og fl) út á landsbyggðinni
- Það verður alltaf erfitt að stýra þeim ferðamönnum sem hingað til lands koma að einhverju ráði
- Umhverfiseftirlit og sökum þess, væg gjald fyrir vissa staði.
- Tel afar mikilvægt að farastjórar séu betur meðvitaðir um land,þjód og þjónust og umfram allt kurteisir, liprir, vel til hafðir, snyrtilegir og séu hótélum, ferðaheildsölum og vinnuveitendum sínum til sóma og vera stoltir af landi og þjód.Eins verður að taka taki vegna rútubílstjóra,sem sumir hverjir eru okkur öllum til skammar, hvað varðar hreinlæti, klæðaburð, durtar og dónar vantar þjónustu lipurð, getur verið afar sláandi og fráhrindandi framkoma sumra bílstjóra.Farþega bílar, þar vantar lítilega upp á þrífnað, betra útlit og yngja upp bíla.
- Merkja betur viðkvæm svæði og aukið eftirlit með svæðum.
- uff það er erfitt að velja á milli
- Verndun náttúru, skipulag og stýring til að jafna álag á land og þjód er að mínu mati einn og sami hluturinn
- Nauðsyn að skipuleggja og hafa stjórn á hvert ferðamenn fara og takmarka aðgang þeirra að þeim svæðum sem eru í hættu vegna ágangs
- Þetta eru ekki auðveldar spurningar og það er hægt að snúa þessum tölum á margan hátt. Ég held að það fari nú bara eftir því hvar hver og einn er staddur í þessari grein.
- Meiri samvinnu á milli staða í heimahéruðum þannig að hver og einn gististaður, geti náð aðeins til alls ferðafólks við komu þess eða við morgunverðarborðið og gefið gestunum góðar tillögur af því hvað er hægt að skoða og taka þátt í á því svæði sem það er að ferðast um næsta dag, þannig getur viðkomandi líka komið inn án þess að það séu reglur á blaði að við keyrum ekki utan vegar o.þ.h.
- Upplýsa íslensku þjóðina um þessa væntanlegu aukningu. Þjóðin þarf að vera með á nótunum. Það eru í raun allir Íslendingar í móttökunefnd þegar um svo litla þjód er að ræða. Þannig hefur það áhrif á heilu þorpin út um land ef aukning ferðamanna verður mikil. Þá þurfa sem flestir að tala erlend tungumál, vera jákvæðir og brosmildir og kunna að þjóna...ÞJÓÐIN ÞARF AÐ VITA um atvinnuleyndarmál framtíðarinnar og fá aðstoð við að búa sig undir það. Kynningarefni um það sem er í vændum er þarf að fara í fjölmiðla og

inn á íslensk heimili sem "persónulegur" póstur. Lærðu ensku, lærðu erlent tungumál, þú skiptir máli þegar ferðamannaflóðið kemur... o.s.frv.

- Framsetning upplýsinga
- Auka fræðslu, t.d. um nátturu og sögu, á áfangastöðum.
- Efla stígakerfi á viðkvæmum stöðum
- Gestastofur, göngustígar og landvarsla
- Fræða ferðamanninn

2. U.þ.b. 80% erlendra ferðamanna segja að ísl. náttúra sé helsta ástæða heimsókna þeirra. Hvað í íslenskri náttúru telur þú að hafi mesta aðdráttaraflíð?

- 193** Auðn og víðerni
- 149** Dýralíf og gróður
- 272** Ímynd óspilltrar náttúru
- 191** Jarðhiti og heit böð
- 241** Jöklar, hraun og eldfjöll

#### Annað:

- Eldur og ís er mest áhugavekjandi í okkar viðskiptamannahóp.
- Fugla- og hvalaskoðun er einnig mjög vinsæll. Mjög mikilvægt er skv. minni reynslu það að geta verið einn með sjálfan sig, ótruflaður.
- Fjöllin, kyrðin, birtan, hreina vatnið í ám og lækum
- Það kítlar alltaf að "enginn annar" hafi komið þangað.
- Við þurfum að kosta einhverju til við að taka á móti auknum ferðamannafjölda. Dæmi: Það er ekki ein ruslatunna við neðra bílastæði á Gullfossi.
- Á Íslandi er hægt að sjá landið fyrir trjánum. Ró og kyrrð í Íslenskri náttúru.
- Íslensk viðhorf til útlendinga og viðmót gera náttúru enn fallegri. Það má ekki breytast við auknu ferðamannastraumi.
- Saga þjóðar og búhættir vekur forvitni
- Öll afþreying sem ferðamaðurinn getur tengst náttúrunni með afþreyingunni t.d. hestaferðir, hestaleiga, sleðaferðir, hundasleðaferðir, fjórhjólaferðir, gönguferðir o.þ.h. en að sjálfsgöngu með fararstjórn.
- Íslensk náttúra er eitt - fólkið er annað. Íslendingar eru gestrisið fólk, sér í lagi út um hinar dreifðu byggðir. Það hefur sýnt sig að útlendingar sækjast ekki síst eftir samskiptum við íslenska alþýðu. Þessu má ekki gleyma. Þannig geta hin dreifðu svæði gert sér "mat úr því" að vera móttökuþorp eða móttökusveitir fyrir ferðamenn. Allir taka þátt!
- Saga og menning
- Allt saman. Útlendingar segja að Ísland sé "allt öðruvísi"

3. Hvernig mætum við betur þörfum erlendra og innlendra ferðamanna fyrir fræðslu um íslenska náttúru og umgegni við hana?

- 235** Fleiri gestastofur og upplýsingamiðstöðvar
- 229** Samstarf hagsmunaaðila um fjölbreytt fræðsluframboð
- 148** Skipulagðar hópferðir um náttúruna
- 160** Útgáfu prentaðs fræðsluefnis
- 203** Öflugri vefsvæði

#### Annað:

- Til samanburðar við útlönd er mjög lítið til af góðum gestastofum á Íslandi (t.d. á Geysir og við Bláa Lonið). Fræðsluefnið er oft þurr og mætti gjarnan setja það fram á allt annan hátt (sbr. í þjóðgjörðum í Bandaríkjunum og Kanada). Börn og unglingar vilja gjarnan gleymast hjá okkur, en er þetta ekki akkurat framtíðaferðamaðurinn sem þurfti að hlúa að? Fræðslan ætti að fara fram miklu víðar t.d. einnig á söfnum og sýningum.
- frekar óljós spurning. hvað þýðir t.d. "Samstarf hagsmunaaðila um fjölbreytt fræðsluframboð"?
- Ráða leiðsögumenn til starfa við Gullfoss, á Þingvöllum, á Geysi og fleiri stöðum til að fara með fólk um svæðin. Það skapar atvinnu, það eykur á jákvæða upplifun ferðamanna, það verndar náttúruna og verndar gesti fyrir slysum.
- Hef oft rekist á vanbúna ferðamenn fasta á hálendinu á bílaleigubíl sem segja jafnvel að bílaleigan hafi mælt með þessari leið. Allir sem koma með bíl með Norrænu eða leigja bíl ættu að fá bækling með hæfilegum hræðsluáróðri.
- Þarna kemur að hlutverki fararstjóra, en þá vantar að vera betur upplýstir um land og þjóð og þá sérstaklega íslenska náttúru

- Aukin fræðsla og þekking þeirra sem samskipti hafa við ferðamenn og starfsmenna í ferðaþjónustu Samhljóma skilaboð frá sem flestum. Þetta þarf að ná til sem flestra sem ferðamenn hafa samskipti við á landinu. Gerð fræðsluskilta og lifandi efnis þar sem ferðamenn koma ekki bara á gestastofum og upplýsingamiðstöðum heldur á sem flestum stöðum sem ferðamenn sækja afþreyingu eða aðra þjónustu.
- Skipulagðar hópferðir um náttúruna, þá er ég að meina t.d. hestaferðri og aðra afþr. ekki rútuferðir en allar svona skipulagðar ferðir að sjálfsögðu með leiðsögumanni.
- Fleiri áningarstaði með uppl. um náttúru, sögu, landnýtingu og annað sem er sérstakt hér.
- Allt mikilvægt sem hér kemur fram.
- Upplýsingaspjöld og fræðslu sem víðast.
- Stígagerð og upplýsingaskilti.

4. Sumir telja að það geti búið viðskiptatækifæri fyrir íslenska ferðaþjónustu í sameiginlegri móttöku (ÍslandsGátt) þar sem íslensk náttúra yrði í öndvegi. Hvað telur þú að þurfi að vera í slíkri gátt til að dæmið gangi upp?

- 258** Leiðbeiningar um öryggismál og umgengni við landið.
- 187** Reglulegir fyrirlestrar/kynningar um sögu, menningu og náttúru landsins
- 126** Tilboð fyrir erlent háskólafolk
- 238** Upplýsingamiðstöð og bókanir/sala í fræðslutengda ferðaþjónustu
- 228** Vandaðar sýningar um íslenska náttúru

#### Annað:

- Þetta mætti vera í leiðinni tengibretti þar sem ýmsum fræðsluvefum og svæðisvefjum er safnað saman þannig að auðveldara verði að finna mikilvægt efni. Passa upp á að vera með góðar þýðingar.
- Erfitt að segja.. en slík gátt má amk ekki vera dómínuerð af stærstu hagsmunaaðilunum sem vilja sjúga til sín alla gesti.
- Ég er á móti því að innlendir og erlendir ferðamenn valsi einir og óáreyttir um landið og valdi náttúruspjöllum. Það þarf að vekja athygli á náttúruvernd innanlands og afhenda öllum sem koma til landsins bækling með þessum upplýsingum. Og svo þarf lögreglan að fylgjast miklu betur með því hvað ferðamenn eru að gera, t.d. á hálendi Íslands. Það er betra að erlendir ferðamenn ferðist saman í hópþreifðum með leiðsögumanni en á eigin vegum. Þá er hægt að taka á móti fleiri ferðamönnum án þess að valda náttúruspjöllum og ferðamennirnir komast í nána snertingu við "heimamann". Ég tel farsælla að taka á móti færri ferðamönnum en fleiri sem hægt er að stjórna með verðlagningu. Fjöldi ferðamanna í dag er of mikill vegna þess að helmingur starfsfólks í ferðaþjónustu er af erlendu bergi brotinn nú þegar. Ég get ekki séð hvaða tilgangi það þjónar að ganga á íslenska náttúru til þess að skapa láglauastörf fyrir útlendinga.
- Að mínu mati má stórauka aðstoð og stuðning við þau afþreyingarfyrirtæki sem NÚ ÞEGAR hafa náttúruvernd og fræðslu að forgangsatríði. Arctic Rafting hefur alltaf og mun alltaf standa fyrir þessi grunngildi. Náttúra landsins er lifibrauð okkar en hún er okkur einnig ástríða. Við reynum því að selja ferðmönnum breitt úrval afþreyingar sem allar eiga eitt sameiginlegt, náttúruna. Í þessum ferðum höfum við svo eitt markmið, að skilja við landið eins og það var. Gaman væri að fá að taka þátt í þessu verkefni. Hjá okkur er til staðar þekking og metnaður fyrir þess hönd.
- Spurningin er illskiljanleg þar sem 'gátt' getur verið svo margt og form hennar er ekki skilgreint.
- Á Great Barrier Reef í Ástralíu eru allir kafarar og gestir á rífið sterklega hvattir til að fara í fræðslu og myndasýningu um rífið til að vernda það. Það er gert skammtilegt og það kostar inn en snarvirkar.
- Þarna komum við aftur að fararstjórn, vel mentaðir á sviði náttúru, lands og þjóðar. Starfsfólk á gistiheimilum og hótélum mætti gjarnan vera meira meðvitað um landið sitt og þjóðina, ég tala nú ekki um íslenska náttúru, spurning hvort hægt væri að koma í gang sérstökum námskeiðum fyrir þetta fólk.
- Þessari spurningu á ég erfitt með að svara. Hvað er átt við með til að dæmið gangi upp? Það er nokkuð ljóst að ferðamaðurinn vill ekki greiða fyrir upplýsingar um öryggis og umhverfismál almennt og erfitt að fá greitt fyrir ýmsa aðra liði á listanum. Mætti þróa landamærastöðvarnar (upplýsingamiðst) í þá átt að sinna þessum þáttum. Sé illa fyrir mér að hægt sé að láta fjárhagshliðina ganga upp í ÍslandsGátt sem sinna ætti þessum 5 ofangreindum liðum.
- Sýnist vanta hér samspil kynningar og SÖLU á landinu, jafnvel þótt verið væri að stefna að færri ferðamönnum sem greiða meira fyrir dvölinu
- ég hef lengi haldið því fram að það eigi að gjaldtaka ferðamenn og skipuleggja ágang ferðamanna því að mörg svæði þurfa þolmarkakannanir
- ÍslandsGátt þarf þá að virka sem markaðsstofa.

## Framtíðarsmiðja – stutt lýsing

---

**Framtíðarsmiðja** er aðferð sem þýski félagsfræðingurinn Robert Jungk mótaði á 6. áratugnum. Hann leitaði að aðferð til að auka virkni almennings í ákvarðanatöku, aðferð sem nýtir bæði rökhusun og tilfinningar við að þróa nýjar hugmyndir. Síðan hefur aðferðin þróast og aðlagast ólíkum aðstæðum og hefur náð mikilli útbreiðslu, ekki síst í Þýskalandi, Bretlandi og Skandinavíu.

Dæmi þar sem framtíðarsmiðju hefur verið beitt:

[Mit Zukunftswerkstätten spielend in die Zukunft \(http://www.zw2003.de/\)](http://www.zw2003.de/)

[Designing Interactive Systems \(http://www.oohci.org/cs617in2000/fw.html\)](http://www.oohci.org/cs617in2000/fw.html)

[Deaf Initiatives-Special Projects \(http://www.t-shirtquilt.com/4workshp.html\)](http://www.t-shirtquilt.com/4workshp.html)

[STAR Workshop on Future Physics and Detectors](http://www.star.bnl.gov/STAR/meetings_collab_future/workshop.html)

[\(http://www.star.bnl.gov/STAR/meetings\\_collab\\_future/workshop.html\)](http://www.star.bnl.gov/STAR/meetings_collab_future/workshop.html)

[Projektet Utvecklingsprogram 2006 skall leda fram till ett nytt visions-, mål- och strategi-dokument för Umeå universitet.](http://www.umu.se/umu/utvecklingsprogram_2006/om_projektet/processledning/framtidsverkst.html)

[\(http://www.umu.se/umu/utvecklingsprogram\\_2006/om\\_projektet/processledning/framtidsverkst.html\)](http://www.umu.se/umu/utvecklingsprogram_2006/om_projektet/processledning/framtidsverkst.html)

[Hvordan kan vi blive bedre til at "bekymre" os om hinanden](http://www.projekt.netstof.dk/site/gammel_fremtidsaerkstedet/Lidt_om_fremtidsaerkstedet/Lidt_om_fremtidsvrkstedet/)

[\(http://www.projekt.netstof.dk/site/gammel\\_fremtidsaerkstedet/Lidt\\_om\\_fremtidsaerkstedet/Lidt\\_om\\_fremtidsvrkstedet/\)](http://www.projekt.netstof.dk/site/gammel_fremtidsaerkstedet/Lidt_om_fremtidsaerkstedet/Lidt_om_fremtidsvrkstedet/)

[Hur kan bygdens folk samarbejde for lokal utveckling?](http://www.bygde.net/index.asp?lev=640&typ=1)

[\(http://www.bygde.net/index.asp?lev=640&typ=1\)](http://www.bygde.net/index.asp?lev=640&typ=1)

[Jämställdhet, lönsamhet och hälsa \(http://www.z.lst.se/jamsthet/framtidsverkstad.php\)](http://www.z.lst.se/jamsthet/framtidsverkstad.php)

[RAPPORT FRÅN EN FRAMTIDSVERKSTAD FÖR UNGA MÄN](http://www.rif.o.se/kommande/andersdahl.htm)

[\(http://www.rif.o.se/kommande/andersdahl.htm\)](http://www.rif.o.se/kommande/andersdahl.htm)

[Regeringens moderniseringsprogram - Fremtidsværksted](http://www.moderniseringsprogram.dk/visArtikel.asp?artikelID=4946)

[\(http://www.moderniseringsprogram.dk/visArtikel.asp?artikelID=4946\)](http://www.moderniseringsprogram.dk/visArtikel.asp?artikelID=4946)

[Fremtidsværkstedet skal bidrage til udviklingen af en IKT-strategi](http://www.ctu.dk/)

[\(http://www.ctu.dk/\)](http://www.ctu.dk/)

[Teknologirådets projekt "Teknologiske løsninger til små samfund"](http://www.tekno.dk/subpage.php3?article=703&topic=kategori9&language=dk)

[\(http://www.tekno.dk/subpage.php3?article=703&topic=kategori9&language=dk\)](http://www.tekno.dk/subpage.php3?article=703&topic=kategori9&language=dk)

**Framtíðarsmiðja** er aðferð fyrir hóp á að koma af stað breytingum í málum sem þeim finnst aðkallandi. Aðferðin vekur hugmyndir og eflir framsýni innan hópsins og gerir þátttakendur meðvitaða um möguleika sína til að hafa áhrif. Árangur góðrar smiðju er sameiginlegur byrjunarritur fyrir framkvæmdir og leiðir venjulega fljótt til athafna sem er í samræmi sýn (vision) sem þátttakendur hafa komið sér saman um.

**Framtíðasmíðja** er ekkert töframeðal sem skilar óskeikulum niðurstöðum við hvaða aðstæður sem er. Það á hvorki við um framtíðasmíðju né nokkra aðferð sem notum er í stefnumótun fyrirtækja eða í lýðræðislegri ákvarðanatöku á öðrum sviðum. Styrkur fr.smiðjunnar liggur helst í einfaldri uppbyggingu og skýrum áhersluatriðum.

**Framtíðarsmiðja** byggir á því að hópurinn hafi skýrt afmarkað viðfangsefni, þema eða aðstæður sem hann vill breyta eða þróa áfram. Úr þessu viðfangsefni er unnið á ýmsa vegu á mismunandi stigum, frá greiningu á vandamálinu að framkvæmdaáætlun.

**Framtíðarsmiðja** byggir á virkri þátttöku hópsins en krefst ekki sérstaks undirbúnings af hálfu þátttakenda. Það er mjög áriðandi að **allir** þátttakendurnir taki þátt **allan** tímann meðan á vinnunni stendur.

**Framtíðarsmiðja** stendur venjulega yfir í heilan dag en getur líka staðið í styttri tíma eða tvo til þrjá daga ef viðfangsefnið er flókið og víðfemt. Smiðjunni er stjórnað af leiðbeinanda sem kann aðferðina en þátttakendurnir sjálfir eru sérfræðingar í efniviðnum.

## Vinnuferli framtíðarsmiðju

---

Til að komast yfir verkefni framtíðarsmiðju með góðu móti þarf hest heilan dag. Vinnuferlið er oftast eftirfarandi, gróft áætlað, miðað er við virkan tíma:

### 1. Byrjunarstig - minnst 45 mínútur

Farið yfir dagskrá, skipulag og annan undirbúning. Aðferðin er kynnt og viðfangsefni smiðjunnar yddað.

### 2. Gagnrýnistig - minnst 75 mínútur

Hér er komið að hinni eiginlegu smiðju. Unnið er í hópum við að finna vandamál sem tengjast viðfangsefninu. Þau eru skrifuð sem stikkorð eða stuttar fullyrðingar á stórar arkir sem eru hengdar upp á vegg. Hóparnir fara sameiginlega yfir gagnrýnina líð fyrir líð. Síðan eru vandamálin metin af hverjum og einum þátttakanda með því að hann gefur hverju vandamáli stig eða einkunn.

Eftir matið eru gagnrýniatriðin flokkuð niður í samstæða þemahópa. Orsakir vandamála eru krufnar enn frekar, mismikið eftir aðstæðum.

### 3. Hugarflugsstig - minnst 120 mínútur

Hugarflugið byrjar oft á æfingu sem örvar skapandi hugsun og hjálpar þátttakendum að snúa frá vandamálaum til framsýni og sköpunar. Stundum gerist þetta með því að neikvæðu fullyrðingunum er snúið yfir í andstæðu sína sem lýsir því jákvæða og

eftirsóknarverða (Dæmi: "Sviðin jörð og blásnir melar " verða "frjósöm jörð"). Síðan er unnið í hópum og reynt, út frá þemahópum, að orða og móta framtíðarsýn með jákvæðum hugmyndum sem fela í sér: "Svona viljum við einmitt hafa það!" Hugmyndirnar eru kynntar og metnar á sama hátt og í gagnrýnistiginu. Þær eru dregnar saman sameiginlega af þátttakendum eða af leiðbeinandanum og myndaðir nýir þemahópar.

#### **4. Skipulags- eða framkvæmdastigið - minnst 120 mínútur**

Þátttakendur vinna í nýjum hópum sem þeir velja sér eftir áhugasviði. Verkefni hvers hóps er að:

- umorða þema í markmið
- velja leið að markmiðinu
- gera raunhæfa framkvæmdaáætlun.

Niðurstaða vinnuhópanna er kynnt öllum verkstæðishópnum og smiðjan endar á lokaumræðu um hvernig vinnan heldur áfram.

#### **Framhaldið**

Mikilvægt er að hafa í huga að framtíðarsmiðja snýst um að þátttakendur leggi sama 2 og 2 svo að útkoman verði 5.

Þátttakendur verða að trúa því að svörin liggja hjá hópnum en ekki einstökum þátttakendum. Vel heppnuð framtíðarsmiðja á að tryggja samvinnu og sameiginlega ábyrgð þátttakenda á framhaldinu og framtíðinni.